

um frumvarp til laga um laun embættismanna.

Frá samvinnunefndinni í launamálum.

Á öndverðu þingi var í hvorri deild Alþingis um sig kosin nefnd til að íbuga frumvarp það, er stjórnin lagði fyrir Alþingi, um laun embættismanna, og gengu nefndirnar þegar frá upphafi saman í eina samvinnunefnd, og hafa síðan unnið að málinu að jafnaði á hverjum degi.

Að visu hafa skoðanir nefndarmanna orðið allmjög skiftar, eins og vænta mátti, þar sem mál þetta er svo vaxið, að annars vegar er að ræða um mjög veruleg fjárframlög úr ríkissjóði og hins vegar ýms atriði, sem hljóta að vera álitamál, svo sem hlutfallið milli launaupphæðar einstakra embættis- og starfsmanna og starfsmannaflokka o. fl., en þó hefir nefndarmönnum komið svo ásamt um meginatriði málsins, að þeir geta í sameiningu látið uppi í stuttu máli eftirfarandi álit og tillögur um nokkrar breytingar á frumvarpi stjórnarinnar, en áskilja sjer þó í ýms- um einstökum atriðum að hafa óbundnar hendur um atkvæði sín.

Um málið í heild og tildrög þess getur nefndin vísað til og viðurkennt þær ástæður, er teknar eru fram í athugasemdum stjórnarinnar um frumvarpið.

Því verður ekki neitað, að launakjör embættis- og starfsmanna ríkisins eru, eftir því sem verðgildi peninga nú horfir við, ekki lengur samsvarandi, hvorki þörfum starfsmannanna nje þeim kröfum, sem fullnægja verður, til þess að vænta megi, að yfirleitt nýtari eða nýtustu menn veljist til opinberra starfa, sem skifta hlýtur miklu máli fyrir þjóðsjelagið.

Þetta hefir Alþingi viðurkennt á ýmsan hátt á undanförunum þingum og gert ráð fyrir, að ekki gæti til langframa dregist að taka launamálið fyrir í heild, þótt það alt til þessa hafi orðið að farast fyrir, þar sem ekkert frumvarp um það hefir verið lagt fram af stjórninni, en eðlilega ókleift fyrir þingið að eiga frumkvæði að slíku máli eða fara með það án undirbúnings af hálfu stjórnarinnar, hvort sem það að meira eða minna leyti kann að komast að sömu eða líkri niðurstöðu um úrslit málsins í heild eða einstökum atriðum.

Nú, er stjórnin hefir lagt þetta frumvarp fyrir þingið, hefir nefndin orðið sammála um það, að ekki verði hjá komist að ráða málinu til lykta.

Á undanförunum þingum hafa embættismenn eða embættismannaflokkar alloft sent til þingsins málaleitanir um bætur á launakjörunum sínum, og hafa að visu nokkrar hráðabirgðabætur verið gerðar á kjörum einstakra manna, en yfirleitt þó verið talið ótílkæmlegt að verða við þeim málaleitunum fyr en launamálið væri tekið fyrir í heild og endurskoðuð laun allra embættis- og starfsmanna. En á þessum síðustu dýrtíðarárum, er peningar hafa fallið svo mjög í verði, hefir verið gripið til hins, að veita þessum starfsmönnum svo nefnda dýrtíðaruppbót á laununum, sem ekki verður neitað að hefir þó verið ófullnægjandi, ef viðunandi rjettlætis ætti að vera gætt.

Hafa nú þessir starfsmenn, annars vegar lækna- og hins vegar allir aðrir embættis- og starfsmannaflokkar, gert með sjer samband um að fara allir í sameiningu fram á bætur á launum sinum, og í því skyni sent stjórn og þingi tillögur sínar og tilmæli, og hefir nefndinni þótt sjálfsagt að ihuga þær tillögur, og meiri hluti að miklu leyti getað tekið þær til greina.

En þó að nú verði að því undið að ákveða laun embættismanna að nýju og hækka þau svo, að svari svo nálægt, sem komist verður, til þess verðgildis, er vænta má að peningar fáir, er jafnvægi kemst aftur á eftir ófriðinn, þá getur þó ekki komið til mála að hækka þau svo, að það bæti upp þá verðryrnun, sem fyrirsjáanlegt er að haldast muni fyrst um sinn á peningum, og ef til vill um alllanga hríð.

Fyrir því verður ekki komist hjá, þótt reynt sje að tiltaka þá upphæð sjálfra launanna, sem vænta má að hæfileg gætu talist til nokkurrar frambúðar, að bæta upp launin þar að auki fyrst um sinn í nokkru hlutfalli við verð á þeim vöruflokkum, sem fyrir alla eru sjálfsögðustu nauðsynjar.

Í frumvarpinu felast þá einnig þessi tvö meginatriði, og hefir nefndin tekið þau hvort um sig til ihugunar.

Það, sem nefndin tók fyrst til athugunar, var það, hvort laun þau, sem stjórnarfrumvarpið ákvæði, væru hæfilega sett, hæfilega há, miðað við það, að verðlag á nauðsynjavöru muni ekki lækka niður fyrir það, að verða 25% hærra en fyrir stríðið, og við það er launahækkun stjórnarinnar miðuð, að hún er sem næst 25% hærri en launin voru 1914. Þó eru einstakir liðir í launaflokkunum, sem stjórnin hækkar æði mikið meira, svo sem til kirkjumála, sem fer upp undir 66% og síðar verður drepit á. Þó að nefndin eða meiri hluti hennar telji, að rjett sje að taka tillit til þessa atriðis, þá er með því ekki gerð full grein fyrir því, að launin sjeu hæfilega sett, því að með því getur ekki verið viðurkent, að launin 1914 hafi verið hæfileg. Vill nefndin líta á þetta í örfáum dráttum.

Það verður að líta svo á, að með lögum nr. 14, 15. okt. 1875, hafi laun ýmsra embættismanna verið fullhátt sett, því að ýms af þeim eru lækkuð með lögum nr. 23, 9. des. 1889. En með lögum nr. 24, 14. des. 1877, eru laun sýslumanna og bæjarfógeta sett. Verður því að miða við lögin frá 1877 og 1889, til þess að fá samanburð á þessum eldri embættislaunum við árið 1914.

Skulu hjer sýnd nokkur dæmi:

Embætti.	Laun sett 1877.	Laun sett 1889.	Laun 1914.
Biskup .....		5000 kr.	5000 kr.
Forstj. landsyfrrjettar		4800 —	4800 —
Aðrir dómara- .....		3500 —	3500 —
Forstöðum. prestask.		4000 —	3900 —
Rektor lærða skólans		3600 —	3600 —
Yfirk. lærða skólans		3200 —	3200 —
Sýslumenn í I. fl.	3500 kr.		3500 —
— í II. fl.	3000 —		3000 —
— í III. fl.	2500 —		2500 —
— í IV. fl.	2000 —		2000 —

Af þessum dæmum sjest, að launin hafa staðið í stað, eða með öðrum orðum verið annaðhvort alveg óbreytt eða lækkuð frá 1877 og 1889. Og sju tekin launin frá 1875, verður lækkunin þessi, t. d.:

	1875.	1914.
Biskup .....	7000 kr.	5000 kr.
Forstjóri landsyfirrjettar .....	5800 —	4800 --
Forstöðum. prestaskólans .....	4600 —	3900 —
Rektor lærða skólans .....	4200 —	3600 —

Þegar litið er til þess, að á þessum 39 árum hafa launin annaðhvort staðið í stað eða lækkað, þá yrði að dæma þar af annaðhvort kyrstöðu þjóðarinnar í atvinnuvegum eða afturför. En þó að framförin hafi verið smástíg á þessum árum, þá hefir það þó stöðugt verið í áttina. Verkakaup á öllum sviðum hefir hækkað, sumstaðar tvöfaldast. Alt bendir því til þess, að launin hefðu átt að vera hærri 1914 en þau voru sett 1877 eða 1889, nema þau hefðu þá enn verið sett of há, eins og 1875. Má vera að svo sje, en ekki getur nefndin fallist á, að þau hafi verið það hærri sett þá en nemur því, er þau hefðu átt að hækka til 1914.

Af þessum ástæðum verður nefndin að vera þeirrar skoðunar, að launa-hæð sú, sem stjórnin ákveður, sje ekki ofhátt sett.

Að því er snertir þau laun, er síðar hafa verið sett, svo sem laun lækna og presta, þá má hið sama segja, að þau munu sist verða talin hafa verið of há á þeim tíma, er þau voru sett. En um þessi laun kemur alveg sjerstakt til greina, þar sem hjá hvorumtveggja þessum embættisinnannaflokki er meira og minna af embættistekjunum borgun fyrir verk eða aukatekjur. Þar er því talsvert erfiðara að ákveða hæfilega föst laun, og hver sá embættismaður, sem nokkurs missir í af áætluðum aukatekjum, er fyrir það ver farinn en aðrir. Á þetta sjer sjerstaklega stað um lækna. Læknahjeruðin eru mjög misjöfn, ýms útkjálkahjeruð mannfá og erfið, og því lítil von um aukatekjur að mun. Má því vænta, að þessi hjeruð verði læknislaus með þeim launaákvæðum, sem nú gilda, nema þá fyrir tilverknað sjálfra hjeruðanna, er þau leggja á sig gjöld til þess að halda lækni.

Að því er nú snertir laun þessara tveggja flokka, þá er það um laun presta að segja, að þau hafa jafnan verið svo lág, að ekki hafa getað komið til samanburðar við laun neinna annara embættismanna. Má ætla, að fjöldi embættismannanna í þeirri stjett, og af því stafandi tiltölumikill kostnaðarauki við hækkuun launanna, hafi valdið seinkætinu í því að láta þá njóta slíks samanburðar við aðra. Nú hefir því þótt rjett í frumvarpinu að bæta úr því misrjetti, og launin í þessum flokki, eins og áður er bent á, verið hækkuð að mun hærri tiltölu en aðrir flokkar, og hefir nefndin að meiri hluta fallist á það.

Aftur á móti hefir stjórnin í frumvarpinu hækkað laun lækna að eins að tiltölulega litlum mun, en ætlast til, að launahækkunin sje aðallega fólgin í auknum aukatekjum með hækkuðum læknataxta. Hins vegar barst nefndinni frá fje-lagi lækna málaleitun um að hækka launin að verulegum mun, en halda óbreyttum taxa þeim, sem nú er, og jafnframt að flokka læknishjeruðin eftir mannfjölda og hafa launin mismunandi samkvæmt því, lægri í hinum fjölmennari, þar sem von er meiri aukatekna. Um þetta urðu nú allmjög skiftar skoðanir í nefndinni. Annars vegar var því haldið fram, að eðlilegt sje, að læknar taki laun sín að allmiklu leyti í borgun fyrir verk sín, núverandi læknataxti í einstökum atriðum

óhæfilega lágr og sanngjarnt, að þeir, sem njóta hjálpar læknanna, beri meiri kostnað af því en nú á sjer stað. Hins vegar var því haldið fram, að það sje eðlileg skylda hins opinbera að sjá eiustaklingunum fyrir sem ódýrastri læknishjálp, að með hækkun á taxta sje aukið á misrjetti milli einstakra hjeraða, þar sem menn verða í strjálbygð og vegleysu að leggja á sig margfaldan skatt á við hina, sem búa í margmenni og umferðahægð, og að hækka borgun fyrir verk lækna í því skyni að lækka svo að um muni laun þeirra, sje í raun og veru að leggja skatt á sjúkdóma manna, sem sjeu illa til þess fallnir.

Fjekk þessi síðarnefnda skoðun nokkru meira fylgi í nefndinni, og fyrir því kemur það fram sem tillaga hennar að fallast á málaleitun læknafjelagsins um hækkun launanna, en láta taxta óbreyttan.

Að öðru leyti munu einstakir nefndarmenn tala fyrir og halda fram skoðun sinni, eftir því sem tilefni verður til í framhaldsmeðferð málsins.

Samkvæmt framanrituðu hefir nefndin í öllum aðalatriðum fallist á launaákvæði frumvarpsins, um leið og hún að mestu leyti hefir getað tekið til greina tillögur, er henni höfðu borist frá sambandi embættis- og starfsmanna, en þeir höfðu og í flestum atriðum sætt sig við ákvæði frumvarpsins. Þó hefir samtalsupphæð launanna í meðferð nefndarinnar hækkað um nál. 140 þúsundir.

Felst sá mismunur aðallega í hækkun á launum lækna, ca. 80 þús., kostnaði við flutning hæstarjettar inn í landið, ca. 20 þús., og ýmsum smærri upphæðum, sem sumar hafa fallið af vangá úr frumvarpinu, svo sem laun prófasta, sumar verið teknar eftir tillögum starfsmannasambandsins, eða nefndinni af öðrum sökum þótt ástæða til að breyta.

Um leið og visað er til tillagnanna um einstakar breytingar skal hjer sett yfirlit yfir, hvernig þessi hækkun kemur niður á einstaka flokka:

I.	Stjórnarráðið o. fl. ....	kr.	500
II.	Dómgæsla o. fl. ....	—	29000
III.	Læknaskipun ....	—	85500
IV.	Póstmál ....	—	3100
V.	Landssíminn ....	—	6000
VI.	Andlega stjettin ....	—	8750
VII.	Kenslumál ....	—	7500
VIII.	Bókmentir ....	—	550

Samtals kr. 140900

Til glöggvunar á því, hver kostnaðarauki rikissjóði stafar samtals af þeirri launabreytingu, sem hjer er farið fram á, skal hjer einnig sett yfirlitstafla, er sýn-

ir, hver laun nú eru goldin embættis- og starfsmönnum, og hver launin yrðu eftir frumvarpinu og eftir tillögum nefndarinnar:

	Laun nú.	Eftir frv.	Eftir till. nefndar.
I. Stjórnarráðið o. fl. ...	52500	60094	60594
II. Dómgæsla o. fl. ....	75800	109124	138124
III. Læknaskipun .....	94700	100635	186135
IV. Póstmal .....	29700	39624	42724
V. Landssíminn .....	134700	162848	168848
VI. Vega- og vitamál .....	17500	22296	22296
VII. Skógrækt .....	6000	6380	6380
VIII. Fiskimat .....	8600	12000	12000
IX. Löggildingarstofan ...	2500	3980	3980
X. Andlega stjettin .....	182600	300300	305350
XI. Kenslumál .....	117100	173402	180902
XII. Bókmentir .....	14400	17663	18213
	736100	1008346	1145046

Samkvæmt þessu mundu launin í heild hækka um rúm 400 þús. kr. frá því sem nú er. Skal tekið fram, að í launadálkunum eftir frumvarpinu og tillögum nefndarinnar eru talin meðallaun, þar sem launin eiga að hækka eftir embættisaldri, en svo er um flestöll launin, og hefir nefndin fallist á það og telur það rjett og sanngjarnt.

Hið annað meginatriði frumvarpsins er dýrtíðaruppbót embættis- og starfsmanna, og eru um það atriði ákvæði í 33. gr. frumvarpsins.

Eins og áður er bent á, er sú hækkan á laununum, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, miðuð við verðlag á helstu þurftarvörum, sem áætlað er að verða muni alment verð, þegar jafnvægi yfirleitt tekur að komast á eftir heimsstyrjöldina. En þar sem enn er fjarri því að votta fyrir slíku jafnvægi, og verð enn þá mjög miklu hærra en sú verðlagsáætlun, og fyrirsjáanlegt, að svo muni verða um hríð í meiri eða minni mæli, þá verður ekki komist hjá að bæta það upp í saungjörnu hlutfalli við það, sem sá mismunur verður á hverjum tíma, eða næstu ár hjer á eftir. En þar sem ætla verður, að hann muni smám saman breytast, og ef til vill minka að nokkrum verulegum mun áður en langt liður, þá hefir þótt hentugra að ákveða aðferð til þess að fara sem næst um verðmuninn á hverju ári og geta eftir því fundið það hundradshlutfall, sem bæta ætti launin eftir, til þess að ekki þurfi á hverju þingi að verja tíma og fyrirhöfn til að meta það og metast um.

Er ráðgert, að þetta verði með því, að samin sje á hverju ári verðskrá yfir ýmsar helstu þurftarvörur, eða, eins og ákveðið er í 33. gr. frumvarpsins, yfir þær aðalfæðutegundir, sem allir nota í svipuðum hlutföllum, og finna með því meðalhlutfallið milli þess verðs, er var á þeim vörum fyrir ófriðinn, og þess, er verður á hverjum tíma, sem verðskráin er samin fyrir. Nægir að öðru leyti um aðferðina að vísa til frumvarpsins og fylgiskjala með því. Að eins skal vakin athygli á því, að þar sem launin sjálf eru hækkuð, er ætlast til, að uppbótin

minki tilsvarendi á þann hátt, að verðlagið í ófriðarbyrjun sje sett 25% hærra en það var, og minnar þá að sama skapi hlutfallið við verðlag hvers árs og um leið uppbótin, sem eftir því er reiknuð. Og þar sem gera má ráð fyrir, að matvæli, sem frumvarpið leggur til grundvallar verðlaginu, hafi stigið í verði tiltölulega meira en aðrar nauðsynjar, svo að munað geti alt að þriðjungi, en þó sennilega traudla svo miklu, þá sje uppbót talin að eins af  $\frac{2}{3}$  launanna, verðstuðlinum beitt að eins við þann hluta, þó aldrei meira en 3000 kr., þannig að af hærri upphæð en 4500 kr., þótt laun sjeu hærri, sje þó ekki uppbót reiknuð.

Einnig skal leidd athygli að því, að eftir hlutfallinu, sem hagstofan hefir fundið milli verðlagsstuðlanna 1914 og 1918, og reglum 33. greinar, yrði uppbótin sem næst 150% af  $\frac{2}{3}$  launanna eða sama sem 100% af allri launaupphæðinni, þó aldrei meiri en 4500.

Og enn skal það tekið fram, að ætlast er til, að uppbót sveitapresta fari aldrei fram úr 500 kr.

Um þessa grein frumvarpsins hafa nú að visu ekki orðið síður skiftar skoðanir en um launaatriðið sjálft, en þó befir það fengið meiri hluta fylgi í nefndinni að hallast í flestum aðalatriðum að ákvæðum frumvarpsins.

Skal þjer stuttlega drepit á þau atriði, er ofan á hafa orðið í nefndinni að gera nokkrar breytingar á, og ástæður fyrir því.

Orðin »í Reykjavík« vill meiri hluti nefndarinnar fella burt; þykir rjettara, að miðað sje einnig við verð í stærstu verslunum úti um land, en ekki í Reykjavík einni, þar sem þó nokkur munur getur verið á því.

Í staðinn fyrir »næsta haust á undan stríðinu« þykir rjettara, að miðað sje við haustið 1914, með því að vitneskja er að mestu þegar til fyrir verði þá, og því að visu að ganga, en hins vegar naumast verulegur munur á því, sem var haustið fyrir.

Þá þykir og meiri hluta nefndarmanna rjett að ákveða hámark, sem laun og uppbót samanlagt yfirstígi ekki, og sje nærri hæfi að ákveða það 9500 kr., þar sem með því má telja, að upp bætt sjeu laun að því leyti, sem alment og viðunandi má komast af með til framfærslu fjölskyldu, en rikissjóði þykir um megn að bæta upp þann hluta launa, sem ætla má að sje þar fram yfir.

Þá telur meiri hluti rjett að fella burtu síðasta málslið greinarinnar um launauppbót presta, með því að ekki geti talist rjettlátt að skerða svo uppbótartilfall þeirra einna allra embættismanna, sist í svo miklum mæli, sem gert væri með ákvæði greinarinnar.

Enn skal þess getið, að embættis- og starfsmannasambandið hefir farið fram á, að lögín gildi frá 1. jan. 1919. Fyrir því vanst ekki meiri hluti í nefndinni að láta þau gilda fyrir liðinn tíma, en til miðlunar þótti tiltækilegt, að launauppbót teljist eftir reglum þeirra frá 1. júlí, og er í því skyni ætlast til, að bætt sje við nýrri grein.

Að lokum skal litið yfir, hver kostnaðarauki rikissjóði verður að dýrtið-aruppbótinni samkvæmt því, sem að framan hefir verið gerð grein fyrir niðurstöðu nefndarinnar.

Að framan er sýnt, að öll launaupphæðin er kr. 1145000. Uppbót er gert ráð fyrir að verði nú nálægt 150% af  $\frac{2}{3}$  hlutum launa, sama sem 100% af allri launaupphæð, eða launin tvöfölduð, en þó engin uppbót greidd af þeim hluta hinna hærri launa, sem stigur yfir 4500. Sá hluti launanna, sem engin

uppbót þannig greiðist af, að við lögðu því, sem sparast við hámarkið, 9500, á launum og uppbót samtals, nemur alls ca. kr. 77000, og sje sú upphæð dregin frá allri launaupphæðinni, kemur út kr. 1068000, sem þá verður dýrtíðaruppbótin samanlögð.

Eftir nágildandi lögum nemur dýrtíðaruppbótin samtals fyrir starfandi embættismenn ca. 600000 kr., og kostnaðarauki því samkvæmt þessu frumvarpi 468000, og að við bættri þeirri hækkun á laununum, sem áður er sýnd, 400 þús., yrði kostnaðaraukinn allur af lögum þessum um 868 þús.

Dylst nefndinni ekki að visu, að þetta er mjög tilfinnanlegur byrðarauki fyrir ríkissjóð, og getur hún búist við, að í meðferð málsins komi fram tilraunir til þess að takmarka það nokkuð, og ýmsir nefndarmenn munu fylgja þeim tilraunum meira og minna og gera sjálfir breytingartillögur um atriði, sem þeir hafa verið ósammála meiri hluta um.

En jafnlítið getur henni dulist, að hjá slíkum byrðarauka er ekki unt að komast, og þótt úr honum yrði dregið að einhverju frá því, sem nefndin samkvæmt framanskráðu hefir að svo stöddu getað áætlað, má tæpast ætla, að það geti orðið svo mikið, að ríkissjóði væri með því að borgnara að verulegum mun, og getur hún ekki lagt til, að það verði gert svo, að með því sje gengið of nærri sanngirni og rjettlæti.

Alþingi, 20. ágúst 1919.

Magnús Pjetursson,  
form. samvinnun. og Nd.-nefndar.

Kristinn Danielsson,  
ritari samvinnun. og skrifari Ed.-nefnd.

Þórarinn Jónsson,  
ritari samvinnun. og skrifari Nd.-nefndar.

Hákon J. Kristófersson.

Þorsteinn Jónsson.

Sveinn Ólafsson.

Eggert Pálsson.

Guðm. Ólafsson.

H. Steinsson,  
form. Ed.-nefndar.

Hjörtur Snorrason.

Jón Jónsson.

Matth. Ólafsson.